



Við

- á Sjónarhóli höfum hagsmuni fjölskyldna barna með sérþarfir að leiðarljósi í starfi okkar.
- veitum foreldramiðaða ráðgjafarþjónustu þar sem þarfir fjölskyldna eru í brennidepli.
- leggjum áherslu á styðjandi og jákvætt viðmót.
- störfum óháð ákveðnum stofnunum.
- höfum heildaryfirsýn yfir málefni barna með sérþarfir.
- greiðum foreldrum og aðstandendum leið að upplýsingum um viðkomandi sjúkdóm, fötlun eða þroskafrávik.
- við leitumst við að tengja þjónustuúrræði með þarfir fjölskyldna barna með sérþarfir að leiðarljósi.
- leitumst við að koma á tengslum milli fólks sem býr við svipaðar aðstæður.
- stuðlum að aukinni þekkingu í þjóðfélaginu á sjúkdómum og fötlunum og leiðbeinum fjölskyldum um réttindi og þjónustu.

Þið

- getið fengið viðtöl við ráðgjafa með sérþekkingu á málefnum fjölskyldna barna með sérþarfir.
- getið óskað eftir ráðgjöf með því að senda tölvupóst til sjonarholl@sjonarholl.net.
- getið nálgast fræðsluefni á vefnum www.sjonarholl.net.
- sótt námskeið sem haldin eru í samráði og samvinnu við aðildarfélög Sjónarhóls, stofnanir eða aðra sem sinna fjölskyldum barna með sérþarfir.
- gætuð haft þörf fyrir og átt rétt á aðstoð sem ykkur er ókunnugt um.
- eruð hvorki fyrst né ein um að finna til vanmáttar gagnvart öllu því sem fylgir því að annast börn með sérþarfir.
- getið þegið og gefið hjálp með aðstoð Sjónarhóls, börnum ykkar, ykkur sjálfum og samfélaginu til góðs.

Þau

- geta verið börn foreldra sinna, óháð aldri, sem þurfa sérstaka aðstoð til lengri eða skemmri tíma.
- geta notið góðs af stuðningi Sjónarhóls við fjölskyldur þeirra.
- þurfa fjölbreytta aðstoð til að njóta lífsins.
- eiga rétt á að njóta allrar nauðsynlegrar aðstoðar til að lifa virku lífi.
- skipta okkur mestu máli og verðmætustu stundirnar eru þær sem við deilum með þeim.

